

Greinagerðin með frumvarpi þessu er skrifuð algjörlega einhliða og þá með stuðningi kvótasetningar. Það er talað eins og ekki sé hægt að betrubæta núverandi kerfi. Eins og möguleikarnir séu bara núverandi kerfi eða aflamark. Samt eru rökin notuð fram og til baka eftir því sem hentar. Dæmi: „Því er lagt til með 1. gr. frumvarpsins að heimilað verði að ákveða staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar. Þá er einnig mögulegt að hagnýta ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelginni til að leyfisbinda veiðar á grásleppu á tilteknum svæðum, þar sem aðeins takmarkaður fjöldi skipa hefði leyfi til veiðanna“ tilvitnun lýkur

Er ekki landinu skipt upp í svæði eins og kerfið er núna? Var ekki sér svæði á sér tíma í Breiðafirði? Af hverju er það ekki nýtt við stjórnun? Er eitthvað sem mælir gegn því að skipta landinu upp í svæði í núverandi kerfi?

Talað er um litla nýliðun undanfarin ár: Það eru ca. 5 ár síðan farið var að ræða um kvótasetningu á grásleppu og síðan þá hefur verið frekar erfitt að kaupa grásleppuleyfi því menn vilja frekar halda í sína veiðireynslu og selja kvótann. Þetta snýst nefnilega að stórum hluta um framsal og peninga en ekki bara fiskveiðistjórnun. Væru þeir sem eru hlyntir kvótasetningu fylgjandi henni ef að frjálst framsal á grásleppukvóta yrði bannað og ríkið tæki til sín heimildir ef menn hættu útgerð og deildi/seldi síðan kvótanum til annara útgerða?

Aflamark byggt eingöngu á veiðireynslu: Hvað með þá nýliða sem hafa nýlega hafa keypt grásleppuveiðileyfi en þar er ekki nein veiðireynsla að baki? Á bara að kippa fótunum undan þeim áður en þeir byrja?

Ef aflamark verður sett á er þá ekki hægt að miða helming úthlutunar við veiðireynslu og helming við stærð báts(veiðileyfis) þó aldrei stærri en 15 tonna bát. Þannig er hægt að koma til móts við nýliða t.d. þarf nokkuð að vera frjálst framsal? Kvótasetning á að snúast um stjórn fiskveiða en ekki framsal og eignamyndun.

Kv.Atli Vilhelm Hjartarson

(undirritaður er nýliði í útgerð og er að reyna hasla sér völl á grásleppu)